



Efnisyfirlit


Mælikvarðar og umfang þjónustu	3
Yfirlit stjórnenda	4
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	5
Rekstrarreikningur	6
Yfirlit um heildarafkomu	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjáryfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Orkuveita Reykjavíkur leggur sérstaka áherslu á þessi
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfseminni




Mælikvarðar


Eiginfjárlutfall




Arðsemi heildareigna




Nettó skuldir / handbært fé frá rekstri



Veltufjárlutfall án álafleiðu



Þjónustan



Yfirlit stjórnenda

Rekstrarár	2021	2020	2019	2018	2017
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
<i>Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs í milljónum kr.</i>					
Rekstrartekjur	37.663	35.045	33.578	33.459	31.310
Rekstrarkostnaður	(13.339)	(14.206)	(13.570)	(12.540)	(11.744)
þ.a. orkukaup og flutningur	(4.174)	(4.181)	(4.163)	(4.404)	(4.238)
EBITDA	24.325	20.839	20.008	20.919	19.566
Afskriftir	(9.966)	(9.606)	(8.900)	(6.965)	(7.051)
Rekstrarhagnaður EBIT	14.359	11.233	11.108	13.954	12.515
Sjóðstreymi					
Innleystar vaxtatekjur	109	240	266	151	278
Greidd vaxtagjöld	(3.174)	(3.724)	(3.791)	(2.977)	(2.990)
Handbært fé frá rekstri	21.832	19.416	19.449	17.217	18.625
Veltufé frá rekstri	17.051	15.727	14.275	16.830	15.080
Lausafé					
30.9.2021	30.9.2020	30.9.2019	30.9.2018	30.9.2017	
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf	13.195	12.798	7.750	6.278	7.085
Handbært fé	17.998	11.549	13.221	13.667	11.341
Óáðregnar lánalínur	10.198	8.600	11.900	9.000	9.000
Lausafé samtals	41.391	32.947	32.872	28.945	27.426

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning OR og dótturfélaga.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2021 nam 10.918 milljónum kr. (1.1.-30.9.2020: hagnaður að fjárhæð 744 milljónir kr.). Heildarafkoma samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2021 nam 12.245 milljónum kr. (1.1.-30.9.2020: 8.115 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 396.202 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2020: 394.164 milljónir kr.). Eigið fé nam 196.371 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2020: 188.126 milljónir kr.) og er eiginfjárhlutfall samstæðunnar 49,6% (31.12.2020: 47,7%).

Í upphafi ársins sem og í lok tímabilsins voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru:	Eignarhluti
Reykjavíkurborg	93,539%
Akraneskaupstaður	5,528%
Borgarbyggð	0,933%

Ljósleiðarinn ehf. er nú heiti dótturfyrirtækisins sem sett var á fót fyrir fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur árið 2007, þá undir heitinu Gagnaveita Reykjavíkur. Ákvörðun þessa efnis var tekin á hluthafafundi 12. október 2021 en Ljósleiðarinn hefur verið helsta vörumerki fyrirtækisins frá árinu 2014.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Að áliti stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2021 ásamt rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2021.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021.

Reykjavík, 22. nóvember 2021.

Í stjórn fyrirtækisins:

Brynhildur Davíðsdóttir
Páll Gestsson
Vala Valtýsdóttir
Hildur Björnsdóttir
Björn Gíslason
Guðjón Viðar Guðjónsson

Forstjóri:

Bjarni Bjarnason

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. september 2021

	Skýr.	2021 1.7.-30.9.	2020 1.7.-30.9.	2021 1.1.-30.9.	2020 1.1.-30.9.			
Rekstrartekjur		11.640.616	10.772.664	37.640.209	35.044.638			
Söluhagnaður	(192)	591	23.119	591			
Rekstrartekjur samtals	4	11.640.424	10.773.255	37.663.328	35.045.230			
Orku kaup og flutningur	(1.222.317)	(1.356.552)	(4.173.673)	(4.180.975)
Laun og launatengd gjöld	(1.625.072)	(1.667.355)	(5.583.078)	(5.629.379)
Annar rekstrarkostnaður	(1.345.181)	(1.303.247)	(3.581.870)	(4.395.801)
Rekstrarkostnaður samtals	(4.192.570)	(4.327.154)	(13.338.621)	(14.206.155)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		7.447.854	6.446.101	24.324.707	20.839.075			
Afskriftir	(3.311.052)	(3.322.149)	(9.966.181)	(9.605.966)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		4.136.802	3.123.953	14.358.526	11.233.109			
Vaxtatekjur		27.084	83.711	114.341	242.857			
Vaxtagjöld	(1.889.921)	(2.059.673)	(6.121.458)	(5.831.764)
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum		810.953	1.363.972	7.217.263	(6.785.131)		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	6	(1.051.884)	(611.990)	1.210.147	(12.374.038)
Áhrif hlutdeildarféлага		0	0	(3.967)	4.137		
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		3.084.919	2.511.963	15.564.707	(1.136.792)		
Tekjuskattur	(997.234)	(868.511)	(4.647.163)	1.880.566	
Hagnaður tímabilsins		2.087.684	1.643.451	10.917.544	743.773			

Skýringar á bls. 11-19 eru óaðskiljanlegur hluti árslutareikningsins.

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. september 2021

	2021	2020	2021	2020
	1.7.-30.9.	1.7.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Hagnaður tímabilsins	2.087.684	1.643.451	10.917.544	743.773
Önnur heildarafkoma				
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning				
Þýðingarmunur	3.042.778	(25.432)	1.327.907	7.370.999
	3.042.778	(25.432)	1.327.907	7.370.999
Önnur heildarafkoma eftir skatta	3.042.778	(25.432)	1.327.907	7.370.999
Heildarafkoma	5.130.463	1.618.019	12.245.451	8.114.772

Skýringar á bls. 11-19 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. september 2021

	30.9.2021	31.12.2020
Eignir		
Varanlegir rekstrarfjármunir	341.527.300	337.493.229
Óefnislegar eignir	2.900.084	2.837.133
Leigueign	2.589.448	2.590.642
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	77.423	81.389
Eignarhlutar í öðrum félögum	5.922.680	5.922.680
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	197.388	0
Áhættuvarnarsamningar	32.469	509.904
Tekjuskattsineign	2.730.637	6.675.003
Fastafjármunir samtals	355.977.428	356.109.980
Birgðir	1.347.023	1.249.674
Viðskiptakröfur	5.332.198	5.439.828
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	1.710.637	0
Áhættuvarnarsamningar	6.451	45.399
Aðrar skammtímakröfur	355.927	404.863
Fyrirframgreiddur kostnaður	279.203	227.706
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf	13.195.338	14.866.902
Handbært fé	17.997.584	15.820.051
Veltufjármunir samtals	40.224.361	38.054.423
Eignir samtals	396.201.789	394.164.403
Eigið fé		
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna	86.630.789	89.478.008
Bundinn hlutdeildarreikningur	64.480.271	60.207.208
Bundið eigið fé vegna þróunar	192.651	108.308
Gangvirðisreikningur	5.467.000	5.467.000
Þýðingarmunur	6.231.746	4.903.838
Óráðstafað eigið fé	33.368.982	27.961.627
Eigið fé samtals	196.371.439	188.125.988
Skuldir		
Vaxtaberandi skuldir	154.724.610	152.350.925
Leiguskuld	2.465.400	2.472.960
Lífeyrisskuldbinding	637.777	659.027
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	4.907.730
Áhættuvarnarsamningar	822.932	571.981
Tekjuskattsskuldbinding	14.130.548	14.662.897
Langtímaskuldir samtals	172.781.267	175.625.520
Viðskiptaskuldir	2.070.431	2.822.579
Vaxtaberandi skuldir	13.688.761	19.349.528
Leiguskuld	176.696	167.953
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	1.048.651
Áhættuvarnarsamningar	1.900.415	846.690
Fyrirframinnheimtar tekjur	2.490.290	541.288
Tekjuskattur til greiðslu	1.306.032	1.847.570
Aðrar skammtímaskuldir	5.416.457	3.788.635
Skammtímaskuldir samtals	27.049.083	30.412.895
Skuldir samtals	199.830.350	206.038.415
Eigið fé og skuldir samtals	396.201.789	394.164.403

Skýringar á bls. 11-19 eru óaðskiljanlegur hluti árs Sluttareikningsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. september 2021

	Endurmats- reikningur rekstrarfjárm.	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Bundið eigið fé v. þróunar	Gangvirðis- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
1.1.-30.9. 2021							
Eigið fé 1. janúar 2021	89.478.008	60.207.208	108.308	5.467.000	4.903.838	27.961.627	188.125.988
Þýðingarmunur					1.327.907		1.327.907
Hagnaður tímabilsins						10.917.544	10.917.544
Heildarafkoma	0	0	0	0	1.327.907	10.917.544	12.245.451
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(2.847.219)					2.847.219	0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarféлага umfram móttækinn arð		4.273.063				(4.273.063)	0
Bundið eigið fé vegna þróunar			84.343			(84.343)	0
Greiddur arður						(4.000.000)	(4.000.000)
Eigið fé 30. september 2021	86.630.789	64.480.271	192.651	5.467.000	6.231.746	33.368.982	196.371.439
1.1.-30.9. 2020							
Eigið fé 1. janúar 2020	93.186.474	48.585.813	0	4.760.587	2.411.820	33.354.772	182.299.466
Þýðingarmunur					7.370.999		7.370.999
Hagnaður tímabilsins						743.773	743.773
Heildarafkoma	0	0	0	0	7.370.999	743.773	8.114.772
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(2.704.701)					2.704.701	0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarféлага umfram móttækinn arð		1.488.515				(1.488.515)	0
Greiddur arður						(3.000.000)	(3.000.000)
Eigið fé 30. september 2020	90.481.773	50.074.328	0	4.760.587	9.782.818	32.314.731	187.414.237

Skýringar á bls. 11-19 eru óaðskiljanlegur hluti árslutareikningsins.

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. september 2021

	2021	2020
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	10.917.544	743.773
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(1.210.147)	12.374.038
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	3.967	(4.137)
Tekjuskattur	4.647.163	(1.880.566)
Afskriftir	9.966.181	9.605.966
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	(23.119)	(591)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(21.250)	(71.186)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	24.280.338	20.767.297
Birgðir, hækkun	(97.349)	(150.085)
Skammtímakröfur, lækkun	118.368	107.840
Skammtímaskuldir, hækkun	2.521.241	3.038.386
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	26.822.598	23.763.438
Innborgaðar vaxtatekjur	108.630	240.354
Greidd vaxtagjöld	(3.174.397)	(3.724.371)
Mótttekinn arður	120.972	88.119
Greiðslur vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(901.560)	102.785
Greiddir skattar	(1.144.042)	(1.053.892)
Handbært fé frá rekstri	21.832.200	19.416.432
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(11.778.171)	(11.310.537)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(353.801)	(431.790)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	40.023	1.184
Breyting á bundnum innlánnum	6.500.000	(2.000.000)
Breyting á markaðsverðbréfum	(4.270.735)	(167.701)
Fjárfestingarhreyfingar	(9.862.684)	(13.908.846)
Fjármögnunarhreyfingar		
Tekin ný langtímalán	10.035.811	15.004.625
Afborganir langtímaskulda	(15.747.261)	(14.874.535)
Greiðslur vegna gjaldeyrisvarna	0	(37.743)
Greiddur arður	(4.000.000)	(3.000.000)
Afborganir leiguskulda	(77.278)	(73.905)
Fjármögnunarhreyfingar	(9.788.729)	(2.981.559)
Hækkun á handbæru fé	2.180.788	2.526.028
Handbært fé í ársbyrjun	15.820.051	8.657.025
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(3.255)	365.983
Handbært fé í lok tímabilsins	17.997.584	11.549.036
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	555.206	306.376
Skammtímaskuldir, breyting	(555.206)	(306.376)
Aðrar upplýsingar		
Veltufé frá rekstri	17.051.473	15.726.829

Skýringar á bls. 11-19 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. OR er með höfuðstöðvar á Íslandi að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur OR geymir árshlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum. Samstæðuárshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur er hluti af samstæðuárshlutareikningi Reykjavíkurborgar.

Samstæðan veitir þjónustu í gegnum dótturfélög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Dótturfélög í samstæðunni	Meginstarfsemi	Eignarhluti	
		30.9.2021	31.12.2020
Ljósleiðarinn ehf.	Gagnaflutningar	100%	100%
OR Eignir ehf.	Eignarhaldsfélag	100%	100%
Veitur ehf.	Uppbygging og rekstur veitukerfa	100%	100%
Orka náttúrunnar ehf.	Vinnsla og sala rafmagns	100%	100%
ON Power ehf.	Vinnsla og sala rafmagns	100%	100%
OR Vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi	100%	100%
Carbfix ehf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun	100%	100%

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, *árshlutareikningsskil*. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2020. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2020. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu á vef þess www.or.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins 22. nóvember 2021.

b. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill OR. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

c. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis, innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, eignarhlutar í öðrum félögum og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 38 með ársreikningi 2020.

d. Erlendir gjaldmiðlar

i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendiri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

Skýringar

2. Grundvöllur reikningsskilannam frh.

d. Erlendir gjaldmiðlar frh.

ii) Dótturfélag með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu

Eignir og skuldir starfsemi félags samstæðunnar sem hefur bandarískan dollar (USD) sem starfrækslugjaldmiðil eru umreiknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þessarar starfsemi eru umreiknuð í ISK á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu er seld, að hluta til eða að öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

e. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga

Eftirfarandi eru upplýsingar um starfsemi samstæðufélaga. Sundurliðun tekna eftir afurðum er að finna í skýringu nr. 4 og tekjur eftir starfsþáttum í skýringu nr. 5.

Vörur og þjónusta

Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar

a. Sala á rafmagni

ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu og sölu á rafmagni og Veitur ohf. dreifa rafmagni skv. gjaldskrá. Tekjur af sölu og dreifingu á raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi raforku og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á rafmagni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning.

b. Sala á heitu vatni

Veitur ohf., ON Power ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu á heitu vatni og Veitur ohf. annast dreifingu á heitu vatni. Tekjur af sölu og dreifingu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi hitaveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á heitu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning.

Skýringar

3. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga, frh.

Vörur og þjónusta

Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar

c. Sala á köldu vatni

OR Vatns- og fráveita sf. annast öflun og dreifingu á köldu vatni. Tekjur af sölu á köldu vatni taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár félagsins er 0,5% af fasteignamati. Að auki eru tekjur færðar samkvæmt mældri notkun á köldu vatni hjá tiltekinni atvinnustarfssemi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi vatnsveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á köldu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.

d. Fráveita

OR Vatns- og fráveita sf. annast rekstur fráveitu. Tekjur fráveitu taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár er 0,5% af fasteignamati. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi fráveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna fráveitu hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.

e. Aðrar tekjur

Ljósleiðarinn ehf. sér um rekstur gagnaflutningskerfis. Tekjur af gagnaflutningskerfi eru færðar við afhendingu á vöru og þjónustu. Um er að ræða samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar. Orkuveita Reykjavíkur sér um leigu á húsnæði og búnaði, tilfallandi sölu á sérfræðipjónustu og fleiru. Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum og aðrar tekjur við afhendingu á vöru eða þjónustu. Viðskiptakröfur vegna annarra tekna og leigutekna hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest.

4. Tekjur af vöru- og þjónustusölu

Tekjur samstæðunnar af sölu á vörum og þjónustu sundurliðast þannig:

	2021	2020
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Rafmagn.....	16.115.925	14.421.562
Heitt vatn.....	10.421.938	10.086.173
Kalt vatn.....	2.635.214	2.573.597
Fráveita.....	4.495.604	4.351.163
Aðrar tekjur.....	3.994.647	3.612.735
Tekjur af vöru- og þjónustusölu samtals.....	37.663.328	35.045.230

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit, frh.

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir innri upplýsingagjöf OR. Starfspættir sem eru birtir eru *Veitur*, sem samanstanda af veiturekstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, *Orkusala og framleiðsla* vegna samkeppnisreksturs í framleiðslu og sölu rafmagns og heits vatns auk *Annarrar starfsemi* sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins, *Ljósleiðarans og Carbfix*. Móðurfyrirtækið sér um þjónustu við dótturfélög, leigu húsnæðis og búnaðar og fleira. Ljósleiðarinn sér um rekstur gagnaflutningskerfis og Carbfix vinnur að þróun og útbreiðslu CarbFix kolefnisbindingaraðferðarinnar með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftlagsbreytingum. Við gerð starfspáttayfirlits er notast við sömu reikningsskilareglur og samstæðan notast við og lýst er í skýringu 38 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2020.

Rekstrarstarfspættir - svið

1.1.-30.9. 2021

	Veitur	Orkusala og framleiðsla	Önnur starfsemi	Jöfnunar-færslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	23.183.047	11.834.868	2.645.413	0		37.663.328
Tekjur innan samstæðu	3.017.142	6.196.108	6.798.669	(16.011.919)		0
Tekjur starfspáttá	26.200.190	18.030.976	9.444.081	(16.011.919)		37.663.328
Rekstrargjöld starfspáttá	(14.017.396)	(8.703.773)	(6.777.617)	16.011.919	148.246	(13.338.621)
Rekstrarhagnaður starfspáttá, EBITDA	12.182.794	9.327.202	2.666.465	0	148.246	24.324.707
Afskriftir	(4.389.139)	(4.030.600)	(1.452.906)	0	(93.535)	(9.966.181)
Afkoma starfspáttá, EBIT	7.793.654	5.296.602	1.213.559	0	54.711	14.358.526
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(3.606.782)	(4.773.734)	1.783.346	7.864.406	(57.088)	1.210.147
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	(3.967)	0	(3.967)	
Tekjuskattur	(532.795)	(90.996)	(1.067.249)	(2.957.017)	894	(4.647.163)
Hagnaður tímabilsins	3.654.077	431.872	1.925.689	4.907.389	(1.483)	10.917.544

1.1.-30.9. 2020

Tekjur frá þriðja aðila	22.400.667	10.309.582	2.334.981	0		35.045.230
Tekjur innan samstæðu	3.730.856	7.836.160	5.792.356	(17.359.373)		0
Tekjur starfspáttá	26.131.524	18.145.742	8.127.337	(17.359.373)		35.045.230
Rekstrargjöld starfspáttá	(14.823.562)	(10.083.006)	(6.800.075)	17.359.373	141.115	(14.206.155)
Rekstrarhagnaður starfspáttá, EBITDA	11.307.962	8.062.736	1.327.262	0	141.115	20.839.075
Afskriftir	(4.308.863)	(3.791.208)	(1.418.024)	0	(87.871)	(9.605.966)
Afkoma starfspáttá, EBIT	6.999.099	4.271.528	(90.762)	0	53.244	11.233.109
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2.910.271)	(1.337.303)	(5.320.138)	(2.750.451)	(55.875)	(12.374.038)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	4.137	0		4.137
Tekjuskattur	(640.044)	(579.162)	2.064.430	1.034.352	989	1.880.566
Hagnaður (tap) tímabilsins	3.448.784	2.355.063	(3.342.334)	(1.716.099)	(1.642)	743.773

* Upplýsingar sem stjórnendur horfa til vegna starfspáttá taka ekki mið af reglum IFRS 16.

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfspættir - svið, frh.

	Veitur	Orkusala og framleiðsla	Önnur starfsemi	Jöfnunarfærslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
Efnahagur (30.9.2021)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	173.874.852	134.344.628	36.207.904	0		344.427.384
Leigueignir					2.589.448	2.589.448
Aðrar eignir	21.665.020	9.127.375	176.119.520	(157.726.957)		49.184.957
						<u>396.201.789</u>
Vaxtaberandi skuldir	68.100.627	58.361.658	168.413.371	(126.462.285)		168.413.371
Leiguskuldir					2.642.096	2.642.096
Aðrar skuldir	15.467.412	10.610.446	33.463.550	(30.766.526)		28.774.883
						<u>199.830.350</u>
Fjárfestingar 1.1.-30.9.2021						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	7.356.413	1.311.341	2.923.762	0		11.591.516
Efnahagur (31.12.2020)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	170.907.579	134.658.796	34.763.987	0		340.330.362
Leigueignir					2.590.642	2.590.642
Aðrar eignir	17.299.445	9.017.863	180.282.563	(155.356.472)		51.243.399
						<u>394.164.403</u>
Vaxtaberandi skuldir	63.350.425	59.115.637	171.700.453	(122.466.062)		171.700.453
Leiguskuldir					2.640.913	2.640.913
Aðrar skuldir	13.438.843	9.820.903	37.631.920	(29.194.617)		31.697.049
						<u>206.038.415</u>
Fjárfestingar 1.1.-30.9.2020						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	6.267.005	3.009.679	2.159.267	0		11.435.951

Skýringar

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2021	2020
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur af lánum og kröfum	114.341	242.857
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur	(3.034.513)	(3.385.004)
Áfallnar verðbætur	(2.684.219)	(1.957.087)
Ábyrgðargjald til eigenda 1)	(402.725)	(489.673)
Vaxtagjöld samtals	(6.121.458)	(5.831.764)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum	7.864.406	(2.752.079)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur	557.700	796.877
Gangvirðisbreyting áhættuvarnarsamninga	(1.821.057)	(413.919)
Uppgjör áhættuvarnarsamninga	(899.055)	69.313
Gengismunur	1.394.298	(4.573.440)
Arðstekjur	120.972	88.119
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum samtals	7.217.263	(6.785.131)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	1.210.147	(12.374.038)

1) Samstæðan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda OR vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar OR árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,81% (2020: 0,85%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,60% (2020: 0,61%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 403 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2021 (1.1.-30.9.2020: 490 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 38 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2020. Gangvirðisbreyting sem færð er til tekna í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 6.601 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2021 (1.1.-30.9.2020: gjaldfærsla að fjárhæð 2.369 milljónir kr.). Gangvirðisbreytingar sem tilheyra fjáreignum og fjárskuldum sem flokkaðar eru á stigi 3 er tekjufærsla að fjárhæð 7.864 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2021 (1.1.-30.9.2020: gjaldfærsla 2.752 milljónir kr.).

Skýringar

7. Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda á uppgjörssdegi er jafnt og gangvirði þeirra, fyrir utan vaxtaberandi skuldir sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	30.9.2021		31.12.2020	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	168.413.371	179.716.359	171.700.453	183.772.703

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta, sem er afvaxtað með markaðsvöxtum, auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörssdegi. Gangvirði vaxtaberandi skulda er flokkað sem stig 2.

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörssdegi þegar vænt sjóðstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	30.9.2021	31.12.2020
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	9,59% til 11,19%	9,58% til 10,72%
Áhættuvarnarsamningar	0,1% til 1,0%	-0,6% til 0,2%
Vaxtaberandi skuldir	0,17% til 6,73%	0,45% til 3,32%

Næmnigreiningar á áhrif breytinga á vaxtastigi, gengi gjaldmiðla og álverði eru sýndar í skýringu 28 með ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2020. Bent er á að hafa þessa skýringu til hliðsjónar við lestur árs hlutareikningsins þar sem breyting á þessum forsendum hefur talsverð áhrif á ýmsar stærðir í reikningsskilum samstæðunnar.

Stig gangvirðis

Taflan sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í reikningsskilin, flokkaða eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgefnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleidd af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru byggðar á gögnum sem ekki er unnt að öllu leyti að afla á markaði. Verðmat á eignarhlutum í félögum er unnið af starfsmönnum OR og ytri sérfræðingum og byggir á afkomu og opinberum gögnum um framtíðartekjur og framtíðarfjárfestingar undirliggjandi eigna.

30.9.2021	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	0	5.922.680	5.922.680
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0	1.908.025	1.908.025
Áhættuvarnarsamningar	0 (2.684.427)	0 (2.684.427)
Markaðsverðbréf	13.195.338	0	0	13.195.338
	13.195.338 (2.684.427)	7.830.705	18.341.615

31.12.2020	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	0	5.922.680	5.922.680
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	0 (5.956.381)	(5.956.381)
Áhættuvarnarsamningar	0 (863.369)	0 (863.369)
Markaðsverðbréf	8.366.902	0	0	8.366.902
	8.366.902 (863.369)	(33.701)	7.469.833

Skýringar

8. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn borgarinnar, hlutdeildarfélög, stjórnarfolk og lykilstjórnendur samstæðunnar eru skilgreind sem tengdir aðilar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Framangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við samstæðuna á tímabilinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu viðskipti við tengda aðila á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2021, ásamt yfirliti um kröfur og skuldir samstæðunnar við þessa aðila í lok tímabilsins. Viðskiptum og stöðum milli félaga innan samstæðunnar er eytt út í samstæðuárshlutareikningnum og því ekki tilgreind. Upplýsingarnar ná ekki til sölu samstæðunnar á hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila.

	2021	2020
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Sala til tengdra aðila á tímabilinu var eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	1.380.315	1.326.911
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	539.619	490.743
Hlutdeildarfélög	1.040	0
	1.920.974	1.817.654
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á tímabilinu voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	55.305	36.807
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	67.656	27.516
Hlutdeildarfélög	51.529	45.536
	174.490	109.859
	30.9.2021	31.12.2020
Kröfur á hendur tengdum aðilum í lok tímabilsins voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	5.020	167.785
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	3.457	38.605
	8.477	206.390
Skuldir við tengda aðila voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	150.039	11.105
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	1.052	0
Hlutdeildarfélög	0	6.994
	151.091	18.099
Vaxtaberandi skuldir við eigendur móðurfyrirtækis voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	0	3.321.522
Akraneskaupstaður	0	196.296
Borgarbyggð	0	33.130
	0	3.550.949
	2021	2020
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Vaxtagjöld á lán frá eigendum móðurfyrirtækis á tímabilinu voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	408.509	750.950
Akraneskaupstaður	27.880	44.748
Borgarbyggð	2.454	7.502
	438.843	803.200

Ábyrgðargjald greitt til eigenda er meðal vaxtagjalda í ofangreindu yfirliti. Sjá fjárhæðir og umfjöllun um ábyrgðargjaldið í skýringu 6.

Skýringar

9. Önnur mál

Gjaldfallnir afleiðusamningar

Meðal annarra skammtímaskulda eru færðir gjaldfallnir afleiðusamningar að fjárhæð 740 millj. kr. Samningarnir hafa ekki verið gerðir upp en félagið hefur staðið í málaferlum vegna þeirra. Í byrjun júlí 2020 dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur Orkuveitu Reykjavíkur í óhag og dæmdi félagið til að greiða þrotabúi Glitnis 747 millj. kr. auk dráttarvaxta vegna uppgjörs á fyrrnefndum afleiðusamningum. Miðað við stöðuna þann 31.12.2020 þá er fjárhæðin með dráttarvöxtum kr. 3.238 millj. kr.

Það er mat stjórnenda að ekki sé ástæða til að breyta umræddri varúðarfærslu. Forsendan er sú að endanleg niðurstaða málaferlanna liggur ekki fyrir. Þetta mat verður endurskoðað eftir því sem tilefni er til. Dómurinn virðist ekki hafa tekið tillit til sjónarmiða OR í málinu og hefur dómi Héraðsdóms Reykjavíkur verið áfrýjað til Landsréttar, málið flutt fyrir réttinum og er dómsniðurstöðu nú beðið. Dómsfjárhæðin kemur ekki til greiðslu fyrr en lokaniðurstaða dómstóla liggur fyrir, hvort sem það verður fyrir Landsrétti eða Hæstarétti.

Viðgerð á höfuðstöðvum

Í lok ágúst 2015 komu í ljós alvarlegar rakaskemmdir á húsnæði OR að Bæjarhálsi 1. Aðgerðir stjórnenda OR hafa frá upphafi miðast að því að skapa fólki viðunandi vinnuástöðu og hafa helstu sérfræðingar verið hafðir með í ráðum við helstu ákvarðanir. Þá hefur verið reynt að leita skynsamlegustu leiða til að ráða bót á skemmdum og einnig að grafast fyrir um orsakir þeirra. Árið 2017 var húsinu lokað og starfsemin færð annað. Ákveðið var að fara í ítarlega valkostagreiningu og skoða þá möguleika sem voru í stöðunni. Niðurstaðan var að fjarlægja gallaða útveggi hússins, rétta það af og endurbyggja veggina. OR hefur gert verksamning um endurbætur á húsnæðinu við Ístak. Framkvæmdir hófust í maí 2021 og eru á áætlun. Áætlaður verktími eru 22 mánuðir og upphæð verksamnings við Ístak er um 1.580 millj. kr. en áfallinn framkvæmdakostnaður nú af verksamningi við Ístak er um 155 millj.kr.

Vatnstjón hjá Vatns- og fráveitu

Vatns- og fráveita stendur fyrir framkvæmdum við Suðurgötu sem m.a. felast í endurnýjun á lögnum. Aðfararnótt 21. janúar 2021 fór stofnlögn vatns í sundur með þeim afleiðingum að vatn flæddi inn í byggingar Háskóla Íslands. Tjónið hefur verið tilkynnt til tryggingarféлага Vatns- og fráveitu, ráðgjafa og verktaka. Tjónamat hefur ekki farið fram né mat á bótaskyldu. Vatns- og fráveita er með frjálsa ábyrgðatryggingu sem tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á félagið. Skilmálar þeirrar tryggingar mæla fyrir um 5 millj. kr. sjálfsábyrgð og 50% af fjárhæð tjóns eftir það. Þak tryggingarinnar er 300 millj. kr.

Málaferli og kröfur

Þann 5. mars 2019 sendi lögmaður Ljósleiðarans (áður Gagnaveita Reykjavíkur) Símanum hf. kröfu um fébætur vegna tjóns sem fyrirtækið telur sig hafa orðið fyrir vegna brots á fjölmiðlalögum, sem Fjarskiptastofa (áður Póst- og fjarskiptastofnun) birti ákvörðun um þ. 3. júlí 2018. Nemur krafan um 1,3 milljarði króna vegna tapaðra tekna, kostnaðar og vaxta. Óskað var formlegra viðbragða frá Símanum. Framangreindu bréfi svöruðu lögmenn Símans með bréfi dags. 19. mars 2019 þar sem Síminn hafnaði kröfunni alfarið. Síminn hf. höfðaði dómsmál á hendur Fjarskiptastofu, Ljósleiðarans ehf., Sýn hf. og Milu ehf. vegna ákvörðunar Fjarskiptastofu um lögbrotið. Dómur héraðsdóms var kveðinn upp þann 1. júlí 2020, þar sem ákvörðun Fjarskiptastofu var staðfest, þó með nokkrum breytingum á forsendum. Málinu var áfrýjað til Landsréttar af Símanum hf., Fjarskiptastofu og Sýn hf. og biður þar nú meðferðar.

Ekkert hefur verið fært vegna þessarar kröfu í árshlutareikning félagsins 30.9.2021.